

18. júlí 1984

577

Nr. 351

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Fjárhæðir eftirtalinna bótaflokka samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar skulu hækka um 2% frá 1. júní 1984 frá því sem þær voru í maímánuði s.l.:

barnalífeyrir skv. 14. gr.

mæðra- og feðralaun skv. 15. gr. og tekjutrygging og heimilisuppbót skv. 19. gr.

Greiðslur skv. 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

24. júlí 1984

Nr. 352

AUGLÝSING

um flutning prestsseturs í Sauðanesprestakalli í Þingeyjarprófasts-
dæmi frá Sauðanesi að Þórshöfn.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 35 9. maí 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð og að fenginni umsögn biskups Íslands, prófasts Þingeyjarprófastsdæmis, sóknarnefnda Sauðanessóknar og Svalbarðssóknar og setts sóknarprests í Sauðanesprestakalli, er hér með mælt svo fyrir, að prestssetur í Sauðanesprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi skuli flytja frá Sauðanesi að Þórshöfn.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júlí 1984.

Jón Helgason.

Þorleifur Pálsson.

B 74